

Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 21. ágúst 2005

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd sunnudaginn 21. ágúst 2005 kl. 21,00 að Hvammi í Langadal.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá.

1. Göngur 2005.
2. Álagning fjallskila.
3. Önnur mál.

Afgreiðsla:

1. Formaður, Gauti Jónsson setti fund og lagði fram uppkast að gangnaseðli. Aðalréttir verða 11. september – stóðréttir verða sunnudaginn 18. september. Eftirleitir verða 1. – 2. október. Fjárskil verða 3. október.
2. Álagning fjallskila. Formaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir fjallskilasjóð. Tekjur alls eru áætlaðar kr. 1,244,234- og gjöld eru kr. 1,244,234-. Varðandi álagningu fjallskila - eftirfarandi tillaga var samþykkt:
“Landbúnaðarnefnd leggur það til við bæjarstjórn Blönduóss að fjallskil verði lögð á samkvæmt framtali á forðagæsluskýrslu. Kæmi þessi tillaga til framkvæmda haustið 2006”.
3. Önnur mál. Ekkert kom fram undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt,
Fundi slitið kl. 23,30.

Jakobína Halldórsdóttir
Anna Margrét Jónsdóttir
Gauti Jónsson